

Umhverfisstefna

Kynnisferðir leggja áherslu á að bæta stöðugt frammistöðu sína í umhverfismálum og styðjast við umhverfisstjórnunarkerfi sem fylgir hinum alþjóðlega staðli ISO 14001:2015. Stefna fyrirtækisins er að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif frá starfseminni og nýta auðlindir eins vel og kostur er. Það er gert með því að skilgreina umhverfisþætti, stjórna þeim og vakta. Til að stýra og draga úr umhverfisáhrifum eru árlega sett fram umhverfismarkmið og framkvæmdaáætlun um hvernig eigi að ná þeim. Markvisst er stuðlað að umhverfisvænum innkaupum, stöðugum umbótum og aukinni umhverfisvitund starfsfólks og viðskiptavina. Kynnisferðir fylgja gildandi ákvæðum laga og reglugerða, fyrirmælum opinberra aðila og öðrum kröfum í starfsemi sinni.

Kynnisferðir hafa eftirfarandi að leiðarljósi:

- Vakta og stýra mikilvægum umhverfisþáttum fyrirtækisins. Lögð er áhersla á ábyrga nýtingu auðlinda, draga úr úrgangi og flokka til endurvinnslu.
- Draga úr útblæstri frá bifreiðum meðal annars með endurnýjun bílafloata, innleiða tækninýjungar, veita fyrirbyggjandi viðhald og þjálfa bílstjóra í vistakstri.
- Auka umhverfisvitund allra starfsmanna með viðeigandi þjálfun og upplýsingum um umhverfisáhrif starfseminnar.
- Tryggja að starfsfólk þekki og fylgi skráðum reglum um innkaup, meðhöndlun og förgun varasamra efna og viðbrögð í neyðartilfellum.
- Upplýsa viðskiptavinum um mikilvægi umhverfisverndar og góðrar umgengni um landið.
- Leitast er við að velja þjónustuaðila eða birgja með viðurkennt umhverfisstjórnunarkerfi fram yfir aðra. Þjónustuaðilum og verktökum eru kynntar áherslur fyrirtækisins í umhverfismálum.
- Framkvæma reglulega umhverfismat ferða og vinna að úrbótum sem stuðla að aukinni umhverfisvernd.
- Hafa virkar viðbragðs- og rýmingaráætlanir sem eru í stöðugri endurskoðun.
- Skrá öll mengunarslys og óhöpp sem gerast í rekstrinum. Fylgja eftir tilkynningaskyldu til opinberra aðila er varðar umhverfismál.
- Setja mælanleg markmið til að fylgjast með stöðu og þróun umhverfismála.
- Yfirlit um stöðu umhverfismála er tekið saman árlega og kynnt fyrir starfsfólki.

Kynnisferðir hafa skuldbundið sig til að nálgast náttúru Íslands með sjálfbæra þróun að leiðarljósi og vera fyrirmynd annarra fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Reykjavík, 14. maí 2018



Björn Ragnarsson, framkvæmdastjóri

Environmental Policy


Reykjavik Excursions - Kynnisferðir continually strives to improve its environmental issues in compliance with the Environmental Management Standard ISO14001:2015. The company's aim is to minimize negative environmental impact caused by its operation and to ensure responsible and sustainable use of all environmental resources used by the company. This is done by defining critical environmental factors, managing and monitoring them. In order to control and reduce the company's environmental impact, annual goals have been set, besides making implementation plans on how to fulfill them. Environmentally friendly procurement is promoted, along with continuous improvements and added environmental awareness of all employees and customers. We comply with all relevant environmental legislation, regulations and requirements.

Reykjavik Excursions - Kynnisferðir has the following guidelines to achieve its targets:

- Monitoring and managing critical environmental factors within the company. Emphasizing responsible use of all environmental resources, reducing waste and recycling.
- Cutting down exhaust from vehicles by continually renewing the fleet of busses and applying best available technique at all times, using preventive maintenance of vehicles and providing drivers with eco-driving lessons.
- Increasing environmental awareness of all employees by proper training and information about the environmental impact of the company's business.
- Ensuring that employees know about and follow rules on procuring, treatment and disposal of hazardous materials as well as correct reaction and behaviour in case of emergency.
- Informing customers about the importance of environmental protection and teaching respect for nature at all times.
- Using preferably only suppliers and service providers who have certified environmental management systems. All suppliers and service providers receive an introduction to our environmental issues.
- Implementing emergency and evacuation procedures which are constantly being revised.
- Recording all spillages and incidents related to the operation of busses and maintenance garage. Notifying the appropriate authorities in case of environmental incidents.
- Implementing measurable goals regarding environmental issues in order to survey the company's environmental performance and status.
- Making an annual report where environmental issues are made public to employees and other interested parties.

Reykjavik Excursions - Kynnisferðir systematically manages all its operations with a commitment to environmental stewardship and sustainable development. With this vision we aim to be a role model for other companies.

14 May 2018



Björn Ragnarsson, Managing Director